

# Umhverfisstefna

## Vistvænn lífsmáti

Við leggjum áherslu á að sýna umhverfisvitund í verki og að búa við heilsusamleg og örugg starfsskilyrði.

## Fundir og útgáfa

Þegar við stöndum fyrir mannamótum eða útgáfu efnis leggjum við okkur fram um að það sé gert með eins vistvænum hætti og mögulegt er.

## Orku- og auðlindanotkun

Við temjum okkur sparnað í þeim tilgangi að draga sem mest úr sóun.

## Vistvæn innkaup

Við íhugum vel þörfina áður en við kaupum inn, til dæmis hvort megi nýta betur, samnýta eða lagfæra. Við öflum aðfanga í samræmi við stefnu ríkisins um vistvæn innkaup.

## Úrgangur

Við högum starfi okkar þannig að sem minnst falli til af úrgangi og sá úrgangur sem til fellur er flokkaður í viðeigandi úrgangsflokka.